



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
17. desember 2021 kl. 16:30.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Þjónustubygging við Hengifossá.

Farið yfir lagfærða uppdrætti af þjónustuhúsinu. Málsetning hefur verið lagfærð og tilgreint er brúttó flatarmál og rúmmál á aðaluppdrætti. Einnig er búið að afmarka reit efst í hægri horni uppdrátta til áritunar fyrir byggingarfulltrúa. Uppdrættirnir fullnægja nú þeim kröfum sem gerðar eru til skráningar í gagnaskrá fasteigna.

2. Víðivellir ytri I. Sumarhúsasvæði í Víðivallaskógi.

Farið yfir viljayfirlýsingu um skipulagsmál og vegagerð innan sumarhúsasvæðisins sem er dagsett 11. nóvember 2021 og undirrituð er af Þórnari Hallgrímssyni f.h. landeigenda og Vilhjálmi Skúlasyni f.h. sumarhúsaeygenda. Skipulags- og byggingarnefnd fagnar því að skriður er komin á lausn málsins og mun greiða fyrir afgreiðslu þess eftir því sem í hennar valdi stendur. Varðandi fjárhagslega þátttöku á gerð og vinnslu deiliskipulags og vegagerð innan svæðisins vísar nefndin þeim þætti alfarið til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps.

3. Byggingarleyfisgjöld, þjónustu- og afgreiðslugjöld 2021.

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir álögðum byggingarleyfisgjöldum, þjónustu- og afgreiðslugjöldum á árinu og lagði fram sundurliðun um þau. Heildarupphæð gjaldtökunnar er kr. 1.354.524.

4. Umsögn um nýjar íbúðarlóðir á Egilsstöðum og verkefnislýsing að breyttu aðalskipulagi sbr. erindi frá skipulagsfulltrúa Múlaþings.

Erindið var kynnt fyrir byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps. Nefndin er sammála um að erindið snerti hvorki sameiginlega snertifleti né hagsmunatengsl sveitarfélaganna og gerir ekki athugasemdir við verkefnislýsingu og felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30
Sign. Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir,
Jón Þór Þorvarðarson. Fundarritari:Sveinn Þórarinsson.